

Borgarráð 23. júní 2022: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um tillögu vegna útsvars á fjármagnstekjur MSS22060186

Á borgarstjórnarfundi 3. september 2019 var tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að leita til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna útsvars á fjármagnstekjur lögð fram. Í bókun borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri-grænna vegna tillögunnar var því miðlað að málinu yrði vísað til borgarráðs til nánari skoðunar. Nú eru liðin að verða þrjú ár síðan málinu var vísað þangað. Hvenær er von á því að þetta verði tekið til fundar í borgarráði? Hvers vegna hefur það ekki komist enn á dagskrá?